

Ed.

223. Frumvarp til laga

[64. mál]

um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. des.)

Samhljóða þskj. 67 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Framleiðslueftirlit sjávarafurða heyrir undir sjávarútvegsráðherra. Stofnunin skal hafa eftirlit með eða meta allan fisk, krabbadýr og skeldýr, sem veidd eru úr sjó, svo og meðferð, flutningi, geymslu og vinnslu þeirra.

Stofnunin skal meta og hafa eftirlit með útflutningi ofangreindra sjávarafurða á öllum vinnslustigum. Undanþeginn er þó eigin afli er fiskiskip flytja á erlendan markað, enda hafi hann ekki verið lagður hér á land. Um slíkan útflutning má þó setja reglur.

Einnig skal stofnunin hafa eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum, flutningatækjum, geymslum, vinnslustöðvum sjávarafurða og næsta nágretnis þeirra. Framleiðslueftirlitið skal veita leiðbeiningar um fiskverkun og meðferð sjávarafurða, svo og um önnur þau atriði, er það fjallar um.

Ráðherra getur sett reglugerðir um framkvæmd laga þessara meðal annars um umbúðir, merkingu, vörustaðla, flutning, útskipun og hleðslu sjávarafurða.

Ráðherra getur og með reglugerð lagt bann við því, að verkaður sé fiskur, krabbadýr eða skeldýr undir tiltekinni lágmarksstærð eða, sem ástæða er til að ætla að geti verið gölluð vara, menguð eða óheppileg til vinnslu annarra ástæðna vegna. Skal Framleiðslueftirlitið í samráði við ráðuneytið hafa eftirlit með aflsamsetningu fiskiskipa eftir því sem þurfa þykir og ennfremur, að ekki séu heimildarlaust unnar ofangreindar sjávarafurðir, sem ekki ná lágmarksstærðum þeim, sem fyrir er mælt í lögum og reglum.

5. gr. hljóðar svo:

Framleiðslueftirlit sjávarafurða skiptist í eftirtaldar deildir:

1. Hreinlætis- og búnaðardeild, sem einkum skal hafa eftirlit með hreinlæti og búnaði fiskiskipa, flutningatækja, vinnslustöðva og því er varðar heilnæmi við framleiðsluna.
2. Ferskfiskdeild, sem einkum skal annast eftirlit og gæðaeftirlit á ferskum, nýjum eða ísuðum fiski, krabbadýrum og skeldýrum.
3. Freðfiskdeild, sem einkum skal annast eftirlit og gæðaflokkun á framleiðslu frystra sjávarafurða, meðferð þeirra, geymslu og útflutningi.
4. Saltfisk- og skreiðardeild, sem einkum skal annast eftirlit og gæðaflokkun á öllum söltuðum sjávarafurðum og skreið.

6. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar að fengnum umsóknum um starfið.

Forstjóri Framleiðslueftirlits sjávarafurða hefur á hendi stjórn stofnunarinnar og yfirumsjón með allri starfsemi hennar.

Við skipun í starfið skal ráðherra taka tillit til háskólaprófs í matvælafræðum eða annarrar sambærilegrar menntunar umsækjenda.

9. gr. hljóðar svo:

Matsmenn, er starfa á vegum Framleiðslueftirlits sjávarafurða, framkvæma undir umsjón yfirmatsmanna eftirlit það og mat, sem lög þessi gera ráð fyrir.

Lögreglustjóri löggildir matsmenn samkvæmt tilnefningu forstjóra Framleiðslueftirlits sjávarafurða og sér um að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra. Nemendur, sem lokið hafa prófi frá Fiskvinnuskólanum, skulu njóta forgangs við ráðningu matsmanna.

13. gr. hljóðar svo:

Hver sá, sem ætlar að flytja úr landi fisk eða sjávarafurðir, sem lög þessi taka til, skal tilkynna það skrifstofu stofnunarinnar með hæfilegum fyrirvara, enda fari hleðsla vörunnar í skip eða annað flutningatæki fram undir umsjón starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða.

Þeir, sem flytja út farma af sjávarafurðum, skulu skyldir til að hafa hleðslustjóra með skipunum, ef þau taka farm í fleiri höfnum en einni.

Hleðslustjórar skulu hlíta fyrir mælum yfirmatsmanna um hleðslu skipa, að því er varðar mat, gæði, útlit og merkingu vörunnar.

Lögreglustjóri löggildir hleðslustjóra samkvæmt tilnefningu forstjóra og sér um, að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.